

**2007 nr. 99 11. maí****Lög um félagslega aðstoð**

**Upphaflega l. 118/1993. Tóku gildi 1. janúar 1994.** *Breytt með* l. 148/1994 (tóku gildi 1. jan. 1995), l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 152/1995 (tóku gildi 29. des. 1995), l. 92/1997 (tóku gildi 1. sept. 1997), l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 60/1999 (tóku gildi 1. júlí 1999), l. 93/2001 (tóku gildi 1. júlí 2001), l. 74/2002 (tóku gildi 17. maí 2002; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 36. gr.), l. 76/2003 (tóku gildi 1. nóv. 2003) og l. 91/2004 (tóku gildi 2. júlí 2004). **Endurútgöfin, sbr. l. 166/2006, 19. gr., sem l. 99/2007. Tóku gildi 30. maí 2007.** *Breytt með* l. 160/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 112/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölu. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 2. mgr. 56. gr.), l. 120/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 164/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tóku gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.), l. 106/2011 (tóku gildi 13. sept. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **velferðarráðherra** eða **velferðar-ráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunargreiðslur, makabætur, umönnunarbætur, dánarbætur, endurhæfingarlífeyrir, heimilisuppbót, frekari uppbætur, [styrkir vegna kaupna á bifreið],<sup>1)</sup> uppbót vegna kaupna á bifreið, uppbót vegna reksturs bifreiðar og endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við lækni-shjálp og lyf.

□ Bætur félagslegrar aðstoðar greiðast eingöngu þeim sem lögheimili eiga hér á landi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Þar er heimilt að tengja greiðslu bóttanna við tekjur aðrar en húsaleigubætur, eftir því sem við á.

□ Tryggingastofnun ríkisins greiðir bætur samkvæmt lögum þessum.

□ Kostnaður við bætur félagslegrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjárukalaga hverju sinni.

<sup>1)</sup> L. 112/2008, 58. gr.

■ **2. gr.** *Mæðra- og feðralaun.*

□ Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eru búsett hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð<sup>1)</sup> nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggja staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

□ Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með tveimur börnum	63.900 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	166.152 kr.

□ Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Heimilt er að greiða maka einstaklings sem sætir gæsluvist eða afplánar fangelsi mæðra- eða feðralaun enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

□ Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 49. gr. laga um almannatryggingar. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

<sup>1)</sup> Rg. 540/2002, sbr. 907/2007.

■ **3. gr.** *Barnalífeyrir.*

□ Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað eða báðir. . . .<sup>1)</sup> Tryggingastofnun metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Ungmennnið sjálf sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Tryggingastofnun getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 62. gr. barnalaga eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá heimilt að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám, í samræmi við þessa málsgrein. Tryggingastofnun getur krafist framlagningar skattframtala með umsóknum um barnalífeyri. Heimilt er að greiða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 62. gr. barnalaga. Við ákvörðun á rétti til barnalífeyris samkvæmt framansögðu er heimilt að líta til efnahags barns og annarra tekna sem það hefur.

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd grein- arinnar.

<sup>1)</sup> L. 120/2009, 9. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 140/2006.

■ **4. gr.** *Umönnunargreiðslur.*

□ Tryggingastofnun er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi, allt að 96.978 kr. á mánuði og/eða taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrahúskostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu. Heimilt er að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna með alvarleg þroskafrávik, sem jafna má við fötlun, og barna með alvarleg hegðunarvandamál sem jafna má við geðræna sjúkdóma. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að hækka umönnunargreiðslur um allt að 25%.

□ Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur. Önnur dagleg, sértæk þjónusta og vistun utan heimilis, þar með talin umtalsverð skammtímavistun, skerðir umönnunargreiðslur. . . .<sup>1)</sup>

□ [Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.]<sup>1)</sup>

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd grein- arinnar.

<sup>1)</sup> L. 120/2009, 10. gr. <sup>2)</sup> Rg. 504/1997, sbr. 229/2000, 130/2001, 519/2002, 77/2005 og 1108/2006.

■ **5. gr.** *Makabætur og umönnunarbætur.*

□ Heimilt er, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga. Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur. Ráðherra setur nánari reglu<sup>1)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis.

<sup>1)</sup> Rgl. 407/2002.

■ **6. gr.** *Dánarbætur.*

□ Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem verður ekkja eða

ekkill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 27.429 kr. á mánuði.

□ Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri eða við aðrar sérstakar aðstæður er heimilt að greiða bætur í a.m.k. 12 mánuði til viðbótar en þó aldrei lengri tíma en 48 mánuði, 20.565 kr. á mánuði.

■ **7. gr. Endurhæfingarlífeyri.**

□ [Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að 18 mánuði þegar ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys. Greiðslur skulu inntar af hendi á grundvelli endurhæfingaráætlunar. Skilyrði fyrir greiðslum er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila og eigi hvorki rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljist tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar.

□ Heimilt er að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 18 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

□ Um endurhæfingarlífeyri gilda ákvæði a-liðar 1. mgr., 4. mgr. og 5. mgr. 18. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Um aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum og gilda um örorkulífeyri, sbr. þó 1. mgr. 10. gr. þessara laga. Sjúkráhusvist í endurhæfingarskyni skemur en eitt ár samfellt hefur ekki áhrif á bótagreiðslur.

□ Tryggingastofnun ríkisins hefur eftirlit með því að endurhæfingaráætlun sé framfylgt og að skilyrði fyrir greiðslum séu að öðru leyti uppfyllt.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um hvaða aðila skuli falið að annast gerð endurhæfingaráætlunar.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2009, 11. gr.

■ **8. gr. Heimilisuppbót.**

□ Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisáðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót, 23.164 kr. á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skal lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum.

■ **9. gr. [Uppbætur á lífeyri.]**

□ Heimilt er að greiða lífeyrisþega uppbót á lífeyri vegna kostnaðar sem ekki fæst greiddur eða bættur með öðrum hætti ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér án uppbótar skal taka tillit til eigna og tekna.

□ Heimilt er að greiða lífeyrisþega sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu ef sýnt þykir að hann geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir [184.140 kr.]<sup>1)</sup> á mánuði. Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem ekki fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir [157.030 kr.]<sup>1)</sup> á mánuði.

□ Til tekna samkvæmt ákvæði þessu teljast allar skattskyldar tekjur, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur sem ekki eru taldar fram hér á landi.

□ Tryggingastofnun ríkisins metur þörf samkvæmt ákvæði þessu.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um tekju- og eignamörk.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 164/2010, 28. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1052/2009, sbr. 1231/2011, 498/2012 og 1214/2012. <sup>3)</sup> L. 120/2009, 12. gr.

■ **10. gr. Bifreiðakostnaður.**

□ Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunargreiðsluþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar. [Heimilt er að veita uppbót á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.]<sup>1)</sup>

□ Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

□ [Heimilt er að greiða styrk til að afla bifreiðar sem nauðsynleg er vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta. [Heimilt er að veita styrk á fimm ára fresti vegna sama einstaklings.]<sup>1)</sup> Ráðherra setur reglugerð<sup>2)</sup> um greiðslur samkvæmt ákvæði þessu, m.a. um sex mánaða búsetuskilyrði.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2009, 13. gr. <sup>2)</sup> Rg. 170/2009, sbr. 1213/2012. <sup>3)</sup> L. 112/2008, 58. gr.

■ **11. gr. Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við lækni- hjálp og lyf.**

□ Nú verða útgjöld sjúkratryggðs [samkvæmt lögum um sjúkratryggingar]<sup>1)</sup> vegna læknihjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna.

□ Ráðherra setur reglugerð<sup>2)</sup> um nánari framkvæmd grein- arinnar.

<sup>1)</sup> L. 112/2008, 58. gr. <sup>2)</sup> Rg. 318/2013.

■ **12. gr.** Þeir sem njóta þjónustu dagvistar samkvæmt lögum um málefni aldraðra skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar. Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, umfram greiðslur skv. 1. málsl. þessara greinar.

■ **13. gr.** Ef greiðsla samkvæmt lögum þessum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skulu þær ákveðnar skv. 16. gr. laga um almannatryggingar. Einnig skal beita 52. og 55. gr. laga um almannatryggingar vegna upplýsinga um tekjur, þagmælsku starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins og endurheimtu á ofgreiddum bótum.

■ **14. gr.** Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til úrskurðarnefndar almannatrygginga og um hækkun bóta.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur með reglugerð<sup>2)</sup> sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 470. gr. <sup>2)</sup> Rg. 179/2003, Rg. 1190/2008, Rg. 1191/2008, Rg. 170/2009, sbr. 1213/2012, Rg. 598/2009, sbr. 1056/2009, Rg. 1052/2009, sbr. 1231/2011, 498/2012 og 1214/2012, Rg. 1055/2009, Rg. 1057/2009, Rg. 570/2011, Rg. 1212/2012, Rg. 1215/2012, sbr. 4/2013, Rg. 1216/2012, sbr. 5/2013.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Konur, sem fá greiddan ekkju- lífeyri 31. desember 1995, skulu fá ekkjúlífeyri greiddan til 67 ára aldurs enda uppfylli þær skilyrði fyrir greiðslu ekkjúlífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996. Greiðsla ekkjúlífeyris til þessa hóps skal vera í samræmi við reglur um greiðslu ekkjúlífeyris sem giltu fyrir 1. janúar 1996.

□ [Prátt fyrir ákvæði 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr. skulu greiðslur heimilisuppbótar, uppbótar á lífeyri vegna kostnaðar og uppbótar vegna reksturs bifreiðar ekki lækka

á tímabilinu 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2013 vegna almennra hækkana á örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 106/2011, 2. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA